

Samningur milli Ísfjarðarbæjar og Ísófit ehf.

um styrk til reksturs líkamsræktarstöðvar

1. gr. Samningsaðilar

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Ísófit ehf., kt. 571018-0200, gera með sér svofelldan samning um styrk vegna reksturs líkamsræktarstöðvar.

2. gr. skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal greiða Ísófit ehf. styrk að upphæð 420.000,- einu sinni í mánuði til næstu 3 ára frá 1. október 2020 til 31. september 2023. Um ræða tímabundin samning sem lýkur þann 30. september 2023 án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu Ísafjarðarbæjar. Greiðslur skulu fara fram 20. hvers mánaðar, gegn útgáfu rafræns reiknings frá Ísófit ehf. Reikningur skal berast að lámarki tveimur vikum fyrir greiðsludag. Berist reikningur ekki tímanlega áskilur Ísafjarðarbær sér að greiðsla falli niður vegna þess tíma. Bókunartilvísun skal vera „líkamsræktarstyrkur“.

Líkamsræktartæki og búnaður í eigu Stúdíó Dan ehf. afhendist til láns í því ástandi sem það er og Ísófit ehf. hefur kynnt sér. Ísafjarðarbær bætir ekki tæki eða búnað á samningstíma.

3. gr. Skyldur Ísófit ehf.

Ísófit ehf. skal bjóða íbúum Ísafjarðarbæjar upp á fjölbreytta líkamsræktaraðstöðu, með almennum opnunartíma. Leggja skal áherslu á að koma til móts við alla aldurshópa og stuðla að almennri heilsuefningu íbúa Ísafjarðarbæjar.

Ísófit ehf. skal veita áhugasömum greiðan aðgang til þjálfunar í líkamsræktaraðstöðunni, og er heimilt að gera að samninga um hóptíma, einkaþjálfun o.þ.h. án aðkomu Ísafjarðarbæjar.

Ísófit ehf. skal, við lok samnings þessa, skila líkamsræktarbúnaði, tækjum í sama ástandi og félagið tók við honum, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og slits. Leigutaki skal annast á sinn kostnað eðlilegt viðhald, í samræmi við notkun búnaðar.

Ísófit ehf. ber ábyrgð á tjóni búnaðar, sem starfsmenn félagsins eða aðrir sem hann nota, valda eða verða fyrir. Skal félagið annast á sinn kostnað tryggingar vegna notkunar búnaðar og skuldbindur sig til að kaupa allar þær tryggingar sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar.

Ísófit ehf. skal uppfylla þau leyfi sem opinberir eftirlitsaðilar gera kröfu um vegna starfseminnar.

4. gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. er sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs. Tengiliður Ísófit ehf. skal vera Andrea Gylfadóttir.

5. gr. Vanefndir

Vanefni Ísófit ehf. skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi og Ísafjarðarbær taka til sín lánaðan búnað.

6. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður, _____

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Ísófit ehf.

Vottar að réttri dagsetningu,
undirritun og fjárræði aðila:
